

Skólastefna Grunnskóla Seltjarnarness

Sérstaða Grunnskóla Seltjarnarness felst m.a. í því samfélagi sem hann starfar í og umhverfi þess. Eitt af einkennum þess er mikil nánd og gott samstarf þeirra aðila sem skólastarfinu tengjast, s.s. við foreldra, tónlistarskóla, íþróttafélag, leikskóla og félagsmiðstöð.

Einstakt umhverfi skólans þar sem er sjórinn, fjaran og ósnortið útivistarsvæði veitir möguleika til fjölbreyttra kennsluhátta. Stefnt er að því að nýta þá í síaukunum mæli, m.a. með umhverfisfræðslu og útikennslu.

Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Nemendur eiga að hafa gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu. Með það að leiðarljósi er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem boðið er upp á sveigjanlega náms- og kennsluhætti svo að hver fái eitthvað við sitt hæfi. Til þess stefnir skólinn að aukinni notkun upplýsingatækni í námi og kennslu á þeim sviðum sem það hentar. Lögð er áhersla á metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd nemenda þar sem gagnkvæm virðing og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi.

Skólinn leggur áherslu á heilbrigðan metnað nemenda, sjálfstæði og ábyrgð. Þungamiðja í stefnumörkun skólans felst því í áherslu á alhliða þroska og menntun hvers og eins, jákvæðum aga og virkri þátttöku alls skólasamfélagsins.

Skólinn starfar jafnframt eftir skólastefnu Seltjarnarness, sem birt er hér á eftir.

Skólastefna Seltjarnarness

Hlutverk

Hlutverk skólastarfs á Seltjarnarnesi er að veita öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun þeirra til frekari menntunar og þroska.

Framtíðarsýn

Öll börn á Seltjarnarnesi hafi gleði af námi, beri virðingu hvert fyrir öðru og séu

örugg í heilbrigðu og hvetjandi skólaumhverfi.

Öll börn á Seltjarnarnesi læri sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, samskipti og öðlist

þannig sterka sjálfsmynd, tækifæri og metnað til frekari menntunar á sínu áhugasviði.

Öll börn á Seltjarnarnesi verði sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem láti gott af sér

leiða í lýðræðisþjóðfélagi.

Öll börn á Seltjarnarnesi fái kennslu í skólum sem hafi á að skipa hæfileikaríku og

metnaðarfullu starfsfólki í hvetjandi starfsumhverfi.

Öll börn á Seltjarnarnesi upplifi gagnkvæma virðingu og traust milli allra aðila sem

að skólastarfinu koma.

Markmið

Nemendur og skólinn

Í góðum skóla

- líður nemendum vel og þeir hafa gleði af námi í öruggu umhverfi
- bera nemendur virðingu hver fyrir öðrum og læra að meta gildi samskipta í leik og starfi
- læra nemendur að tileinka sér heilbrigða lífshætti
- byggja nemendur upp jákvæða sjálfsmynd
- fá námshæfileikar og sköpunargleði hvers og eins að njóta sín
- læra nemendur að vinna saman, setja sig í spor annarra og sýna tillitssemi
- læra nemendur að velja og hafna og taka sjálfstæðar ákvarðanir
- læra nemendur að þekkja eigin tilfinningar
- er siðgæðisvitund ræktuð með nemendum
- læra nemendur sjálfstæð, vönduð og fjölbreytt vinnubrögð og temja sér gagnrýna hugsun
- hafa nemendur rétt á að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þá sjálfa
- sýna nemendur metnað og bera ábyrgð á námi sínu með því að stunda það af samviskusemi
- eru nemendur hvattir til að afla sér frekari menntunar

Starfsfólkið og skólinn

Í góðum skóla:

- er sterk fagleg forysta
- er hæft, metnaðarfullt og áhugasamt starfsfólk
- er borin virðing fyrir starfsfólki og sérþekkingu þess
- er starfsfólki boðið upp á metnaðarfullt vinnuumhverfi
- ríkir góður starfsandi og starfsánægja
- er sýnd vinsemd og jákvætt viðmót
- er starfsfólki boðin starfsþjálfun og hvatt til starfsþróunar
- er lögð áhersla á góða samvinnu starfsfólks
- sýnir starfsfólk umhyggju og ber virðingu fyrir hverjum einstaklingi
- stuðlar starfsfólk að heilbrigðum viðhorfum og er góð fyrirmynd
- sýnir starfsfólk fagmennsku í starfi og nýtir fjölbreytta kennsluhætti

Heimilin og skólinn

Í góðum skóla:

- er gott samstarf við heimili nemenda
- ríki gagnkvæm virðing milli heimila og skóla sem byggir á jákvæðum samskiptum
- er gott upplýsingastreymi milli heimila og skóla
- er þekking foreldra á eigin börnum metin
- eru foreldrar hvattir til samvinnu og þátttöku um menntun og uppeldi
- eru foreldrar vel upplýstir um náms- og kennsluaðferðir
- eru foreldrar velkomnir
- er fagþekking foreldra á hinum ýmsu sviðum nýtt
- er hlúð að starfi foreldraráða og foreldrafélaga

Samfélagið og skólinn

Í góðum skóla:

- er skólastarfið órjúfanlegur hluti af mannlífinu og samfélaginu í heild
- er borin virðing fyrir einstaklingnum og umhverfinu
- er samstarf og samfella á milli skólastiga
- er góð samvinna við íþróttá- og tómsundafélög

- ☐er gott samstarf við grenndarsamfélagið
- ☐er unnið eftir virkri forvarnarstefnu með víðtækri þátttöku
- ☐er samvinna og trúnaður milli skóla og skólayfirvalda
- ☐er umhverfi og náttúra nýtt til náms og kennslu

Sérstaða og einkenni

Grunnskóli Seltjarnarness varð til með sameiningu grunnskólanna á Seltjarnarnesi, Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla, í einn grunnskóla frá 1. ágúst 2004. Mýrarhúsaskóli hafði starfað frá 1875 en Valhúsaskóla var stofnaður út úr Mýrarhúsaskóla árið 1974 og starfaði því sjálfstætt í 30 ár. Í Grunnskóla Seltjarnarness eru um 640 nemendur á tveimur starfsstöðvum. Við skólann starfa um 120 manns ásamt skólastjóra og tveimur aðstoðar-skólastjórum.

Góð íþróttastaða er við skólann en íþróttahús, sundlaug og gervigrasvöllur eru mitt á milli starfsstöðvanna. Tónlistarskólinn hefur einnig staðsettur miðsvæðis og er öflugt samstarf á milli skólanna þar sem nemendur geta stundað tónlistarnám á skólatíma. Félagsmiðstöðin Selið sem rekin er af sveitarfélaginu ber hitann og þungann af félagslífi nemenda á elsta stigi og starfsmenn þar hafa einnig komið að kennslu í félagsmálafræði við skólann. Nálægð við náttúruna er eitt af einkennum skólans. Í Gróttu er fjölskrúðugt fuglalíf, gífurlegur fjöldi plantna og allt lífríkið í fjörunni sem vert er að skoða. Þar er fræðasetur sem skólinn hefur aðgang að og er þar góð aðstaða fyrir ýmis konar kennslu. Aðrar náttúruperlur í næsta nágrenni eru t.d. Seltjörn, Bakkavík, Bakkatjörn og Valhúsahæð.

Starfshættir og kennsluaðferðir

Í Grunnskóla Seltjarnarness er áhersla lögð á einstaklinginn. Kennt er á þremur skólastigum og þarfir hvers og eins eru hafðar að leiðarljósi við undirbúning kennslunnar. Reynt er eftir fremsta megni að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og sveigjanleika í skólastarfinu. Nálægðin við náttúruna er mikil og hefur það mjög jákvæð áhrif á skólastarfið í heild sinni. Kennarar geta auðveldlega farið með nemendur út í náttúruna og fengið áþreifanlegri nálgun á viðfangsefninu.

Vinna nemenda er mikils metin og hefur skólinn einsett sér að haga námsmati samkvæmt því. Áhersla er einnig lögð á sjálfsmat og að gera nemendur ábyrga fyrir sínu námi með góðri skipulagningu.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum frá og með 3.bekk. Loturnar skiptast í fimm 7 vikna lotur og er hverjum árgangi skipt upp í minni hópa. Nemendur mæta tvisvar í viku, tvær kennslustundir í senn og vinna ákveðin verkefni. Að 7 vikum liðnum skipta nemendur um námsgrein og þannig gengur þetta út skólaárið. Með þessu fyrirkomulagi helst betri stígandi í vinnu nemenda og þeir sjá árangur fyrr en áður var þegar lengra leið á milli tíma, einnig er meira rúm fyrir samstarf milli kennara varðandi heildstæð verkefni. Starfshættir skólans eiga að mótast af stefnu hans og skólastefnu Seltjarnarness.